

Austfirsk ljós í myrkri í sundlaug á Vetrarhátíð

# Listanemar myndgera ljóð

*Austfirsk ljóðskáld og nemendur við listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum sameina krafta sína í verki sem sýnt verður í kvöld í Laugardalslauginni.*

**E**itt af þeim verkum sem verða til sýnis á Vetrarhátíðinni sem nú stendur yfir heitir „Austfirsk ljós í myrkri“ og kemur úr smíðju Ólafar Bjarkar Bragadóttur, myndlistarmanns og kennslustjóra Listnámsbrautar Menntaskólans á Egilsstöðum. Í verkinu sameina krafta sína nemendur Ólafar í samtímalistum og nokkur austfirsk skáld, þau Ásgrímur Ingi Arngrímsson, Hrafnkell Lárússon, Hulda Sigurðís Þráinsdóttir, Ingunn Snædal, Sigurður Ingólfsson, Stefán Bogi Sveinsson og Steinunn Friðriksdóttir.

Verkefnið er framhald á verkinu „Lista-ljós í myrkri“ sem sýnt var fyrir austan á vetrarhátíð Austfirðinga, „Dögum myrkurs“ rétt fyrir jól. Að þessu sinni verða verkin sýnd í nýju samhengi á Sundlaugarnótt í Laugardalslauginni í kvöld.

Ljóðskáldin völdu eða skrifuðu sérstaklega ljóð fyrir verkefnið en ljóðin áttu að tengjast að einhverju leyti vetrinum, ljósi og hinu magnaða myrkri. Listanemarnir myndgerðu síðan ljóðin þannig að til urðu vídeóverk út frá ljóðum skáld-



**Ljós í myrkri** Þetta fagra ljós lýsti upp trén í myrkrinu fyrir austan þegar hópurinn sýndi verkið „Lista-ljós í myrkri“ á vetrarhátíð Austfirðinga.

anna. Markmiðið var að kanna hvernig má nýta skammdegið til uppsprettu listsköpunar. Þannig er ýmist búið að hljóðgera myndböndin með upplestri skáldanna á ljóðum sínum eða þau vinna með öðrum hætti textaverk inn í myndböndin og bæta jafnvel tónlist við.

Auk þess verður sýnt verk eftir Lóu Björk og Sigurð Ingólfsson skáld, tileinkað Lagarfljóttinu, litbrigðum þess og margbreytileika eftir árstíðum. Og að lokum sýnir hún við sama tækifæri nýtt tónlistarmyndband við lagið Special Place unnið af Muted, Austfirðingnum Bjarna Rafni Kjartanssyni tónlistarmanni, Sindra Steinarssyni sem gerir myndbandið og söngkonunni Jófríði Akadóttur úr Samaris.

Vídeóverkum Lóu og nemenda

hennar verður varpað upp í rými Laugardalslaugar á Sundlaugarnótt í kvöld. Eitt af markmiðunum með sýningu þessa verkefnis nú er að sýna hvað býr í austfirskum listanemum og kynna um leið hvað Listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum hefur upp á að bjóða.

Vonast er eftir að sem flestir landsmenn komi og njóti þess sem fer fram í kvöld á Safnanótt í Laugardalslaug. Milli klukkan 17-19 verða ýmsar upptökur fyrir alla fjölskylduna ásamt leiktækjum í innilaug og einnig verður lögð áhersla á notalega stemningu með kyndlum á útsvæði ásamt lágstemmdri tónlist. Verkið „Austfirsk ljós í myrkri“ hefst um klukkan 19 og stendur til miðnætis.